

**Námsáætlun fyrir ensku - 9. bekkur**  
**skólaárið 2022-2023**



**Kennarar:** Jón Ragnar Ástþórsson, Karolina Kryspowicka-Lisinska  
**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku

| Námsþættir               | Hæfniviðmið<br>Við lok 9. bekkjar getur nemandi:  | Kennsluhættir/leiðir  | Námsmat  |
|--------------------------|---|---|--|
| <b>Hlustun</b>           | skilið talað mál um ýmis málefni, greint aðalatriði úr kynningum og frásögnum og nýtt sér efni þeirra án vandkvæða, fylgst með efni í myndmiðlum sér til gagns og ánægju og unnið úr því  | Nemendur hlusta á margvísleg verkefni og texta úr námsefninu. Söngtextar, þættir eða kvikmyndir – enskur texti og tal               | Hlustunarpróf.   |
| <b>Lesskilningur</b>     | lesið texta sér til fróðleiks, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt, lesið sér til gagns og gamans, bækur, smásögur, tímarit, skilið leiðbeiningar og upplýsingar, lesið sér til fróðleiks úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum | Nemendur lesa fjölbreytta texta og vinna með þá á ýmsan hátt. Nemendur vinna verkefna- og vinnubókavinnu út frá fjölbreyttum texta. | Glósupróf og önnur skilningspróf og verkefni.                            |
| <b>Samskipti/frásögn</b> | nemendur tjáð sig í óformlegu spjalli um daginn og veginn og daglegt líf, tekið þátt í samskiptum við skólafélaga, kennara  | Samtöl í tímum, undirbúin og óundirbúin samtöl, ræður og upplestur  | Metið verður hvort nemandi taki virkan þátt í munnlegum samskiptum innan |

|              |  |   |  |
|--------------|--|---|--|
|              | <p>skilið talaða ensku í tengslum við verkefnavinnu bæði fyrirmæli og leiðbeiningar,</p> <p>tekið þátt í skoðanaskiptum, fært rök og tekið tillit til annara sjónarmiða, tekist á við margskonar aðstæður í almennum samskiptum,</p> <p>sagt frá viðfangsefnum sínum á skýran og skipulegan hátt og beitt þeim orðaforða sem unnið er með í viðfangsefnum og beitt eðlilegum framburði og áherslum,</p> <p>tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni,</p> <p>flutt atriði, kynningu eða lesið upp eigin texta um efni sem tengist náminu,</p> |   | <p>bekkjarins á enskri tungu. Rökræður úr málefnum sem fjallað hefur verið í kennslustundum. Málefnið tekið úr lesbók.</p> |
| <b>Ritun</b> | <p>skrifað samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á,</p> <p>skrifað um það sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið</p> <p>skrifað rétta stafsetningu algengra orða og geti notað orðaforða geti tjáð sig um skoðanir, tilfinningar, reynslu og þekkingu geti samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín geti skrifað skilaboð og tölvupóst</p>   | <p>Nemendur skrifa setningar og samfelldan texta. Nemendur vinna með ákveðna málfræðiþætti sem skilar sér í ritun.</p> <p>Áherslur í málfræði</p> <p>sagnirnar to be og to have í nt. og þt, nútíð sagna, þátíð sagna, aukin áhersla á óreglulegar sagnir, lh. nt. eða present continuous, lh. þt. eða past continuous, framtíð, núliðin tíð, þáliðin tíð, þolmynd, hjálparsögnin do,</p> | <p>Ýmis ritunar verkefni eru metin til einkunnar. Einnig eru tekin próf úr ákveðnum málfræðiþáttum.</p>                    |

|  |  |  |               |
|--|--|--|---------------|
|  |  | fleirtala nafnorða, regluleg og óregluleg,ákveðinn og óákveðinn greinir,persónufornöfn, eignarfornöfn, spurnarfornöfn, ábendingarfornöfn, tilvísunarforöfn, stigbreyting lýsingarorða,forsetningar, úrfellingarmerki, eignarfall, afturbeygð foröfn (reflexive pronouns), atviksorð, forsetningar, orðaröð í setningum, spurnarhalar |               |
| <b>Menningarläsi</b>                     | þekkt til mismunandi menningar þar sem enska er töluð, þekkt og skilið mun á notkun og framburði og stafsetningu á ensku í mismunandi löndum, sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlendra málsins við íslensku eða eigið móðurmál, sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða. | Nemendur kynnast menningarheimi enskumælandi landa í gegn um námsefnið.  | Verkefnavinna |
| <b>Sjálfstæði og samvinna</b>            | unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum komið fram við aðra af virðingu og kurteisi unnið vel og farið eftir fyrirmælum gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi   |  |               |
| <b>Námsgögn:</b><br>Spotlight 9 Textbook |  |  |               |

Spotlight 9 Workbook

Efni frá kennara

Orðabækur

Myndmiðlar

Veraldarvefurinn

**Lokanámsmat:**

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C, D.